

VKL: 018	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Útgáfa: 2.0		
Dags.: 27.3.2026	Viðbrögð við veðurviðvörðunum	
Höfundur: HEJ		
Samþykkt: Rektor		
Síða 1 af 2		
	Verklagsregla	

Tilgangur

Tilgangur verklagsreglunnar er að **tryggja viðeigandi viðbrögð** við veðurviðvörðunum eða viðvörðunum vegna færðar á höfuðborgarsvæðinu frá Veðurstofunni eða Almannavörnum. Tilgangurinn er einnig að gera bæði nemendur og starfsfólk meðvitað um að ef skólastarf raskast færist kennslan úr skólanum og yfir í námsumhverfi Innu. Reynt verði að koma í veg fyrir að kennsla falli niður eins og hægt er.

Ábyrgð

Rektor ber ábyrgð á verklagsreglunni.

Lýsing

Ef Veðurstofan og Almannavarnir ríkisins gefa út viðvaranir vegna veðurs eða færðar fer ákveðið ferli í gang. Ferlið felur í sér að koma skilaboðum til allra um hvort skólahald fari fram í MH eða í námsumhverfi Innu.

Aðstæður 1:

- Veðurspá er mjög slæm, appelsínugular eða jafnvel rauðar viðvaranir eru gefnar út **áður en næsti skóladagur hefst** og taka gildi fyrir hádegi þann dag.

Viðbrögð:

- Stjórnendur senda póst til allra þegar viðvörðun hefur verið gefin út, um að fylgjast vel með tilkynningum frá skólanum varðandi skólahald næsta skóladag. Þær upplýsingar verða einnig birtar á heimasíðu skólans.
- Starfsfólk og nemendur vita af því að það mun koma tilkynning frá stjórnendum um skólahald næsta dag.
- Tilkynning um breytt eða óbreytt skólahald er send í tölvupósti/sms og birt á heimasíðu skólans, ekki seinna en kl. 6:45 að morgni óveðurs-/ófærðardags.
 - Ef ekki hefur orðið af óveðri eða ófærð verður skólahald óbreytt.
 - Ef veðurspá eða ófærð hefur gengið eftir færisk skólahald yfir á Innu og þar gefa kennarar fyrirmæli um hvernig nemendur geta best varið tíma sínum í viðkomandi áfanga. Ekki er endilega gert ráð fyrir netkennslu, hver kennari ákveður hvernig tími nemenda nýtist sem best.
 - Kennarar bera ábyrgð á að setja tilkynningu inn á Innu og nemendur bera ábyrgð á að fylgjast með.
 - Annað starfsfólk vinnur fjarvinnu eftir því sem við á og mögulegt er.

Aðstæður 2:

- Veðurspá er mjög slæm, appelsínugular eða jafnvel rauðar viðvaranir eru gefnar út **eftir að skóladagur er hafinn** og taka gildi síðar þann dag.

VKL: 018	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Útgáfa: 2.0		
Dags.: 27.3.2026	Viðbrögð við veðurviðvörðunum	
Höfundur: HEJ		
Samþykkt: Rektor		
Síða 2 af 2		
	Verklagsregla	

Viðbrögð:

- Stjórnendur senda skilaboð til allra í tölvupósti/sms, birta á upplýsingaskjám skólans og á heimasíðu að starfsfólk og nemendur eigi að fara heim og skóladagurinn haldi áfram í námsumhverfi Innu, eftir því sem við á.
- Kennarar setja tilkynningar á Innu í áföngum í stundatöflu sem eiga sér stað eftir að nemendur yfirgefa skólann.
 - Kennarar bera ábyrgð á því að setja tilkynningar í Innu varðandi tímana sem falla niður og þar kemur fram til hvers er ætlast af nemendum í staðinn fyrir kennslustundina.
 - Nemendur bera ábyrgð á því að skoða tilkynningar frá kennurum í Innu.
- Annað starfsfólk vinnur fjarvinnu eftir því sem við á og mögulegt er.